

Dags eftirlits	10.12.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Ísteka ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Grensásvegur 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6112003150	Flokkur	Lyfjaiðnaður
Fulltrúi fyrirtækis	Arnþór Guðlaugsson	ÍSAT nr.	21.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Eydís Sigvaldadóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu og engar ábendingar eru gerðar.

Tvö frávik voru skráð í eftirliti ársins 2020 sem vörðuðu starfsleyfisskyldu starfsstöðvar rekstraraðila á Eirhöfða og geymslu efna. Báðum frávikum er lokað.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - o Frávik og ábendingar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Þegar vettvangsheimsóknin fór fram var tillaga að nýju starfsleyfi rekstraraðila vegna starfsemi við Grensásveg í kynningu. Farið var yfir ferli og tímaáætlanir m.t.t. starfsleyfisútgáfu. Nýtt starfsleyfi rekstraraðila tók gildi þann 13. janúar sl. Krafa er því um skil ársfirlits og umhverfisupplýsinga, til samræmis við gr. 4.3 og 4.4 í starfsleyfi, vegna ársins 2022 og eftirleiðis.

Síðan í eftirliti 2020 hefur breytingum á húsnæði rekstraraðila á Grensásvegi verið haldið áfram og voru þær á lokastig þegar vettvangsheimsóknin fór fram. Búið er að færa efnageymslur á efri hæð sem eru án niðurfalla, koma fyrir lekabyttum og ísogsefni/hreinsibúnaður er á staðnum. Frásog og aðskilnaður efna er fullnægjandi. Skáðu frávik frá árinu 2020, hvað varðaði ófullnægjandi geymslu, frásog væri ekki nægjanlegt, niðurföll væru ekki allstaðar almennilega lokað og aðskilnaður efna ekki fullnægjandi, er því lokað.

Frávik var skráð í eftirliti 2020 sem varðaði að móttaka og frumvinnsla hráefnis rekstraraðila færi fram á annarri starfsstöð en Grensásvegi, en starfsstöðin væri ekki með gilt starfsleyfi. Þegar vettvangsheimsóknin fór fram var ekki búið að gefa út nýtt starfsleyfi fyrir starfsstöð rekstraraðila að Eirhöfða 13 og 15. Nýtt starfsleyfi á Eirhöfða tók gildi þann 8. apríl sl. og frávikinu er því lokað.

Engar kvartanir vegna starfsstöðvarinnar að Grensásvegi hafa borist síðan seinasta eftirlit fór fram.

Farið var yfir áhættumat ársins 2020 og breytingar á flokkum áhættumatsins vegna ársins 2021 kynntar sem yrðu hafðar til hlíðsjónar við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2022.

Búið er að útbúa nýjar efnageymslur á efri hæð við breytingu á húsnæði rekstraraðila, sbr. umfjöllun hér að ofan. Öryggisblöð eru bæði í möppum og rafrænt. Farið er yfir blöðin og skráningarnar einu sinni á ári og uppfært eftir þörfum. Hættumerkingar eru til staðar.

Kvittanir fyrir móttöku úrgangs og meðhöndlun/förgun voru sendar í kjölfar eftirlitsins. Meðhöndlun úrgangs og flokkun sem fjallað var um í eftirlitsskýrslu ársins 2020 á enn við. Hrati sem er safnað í grófvinnslusal er enn safnað í gáma og geymt á gámasvæði og á Eirhöfða þar sem rekstraraðili skoðar aðra möguleika en förgun.

Farið var um starfsstöðina og aðstaðan skoðuð. Einnig var aðstaða skoðuð í lager sem var í aðskildu húsi á lóðinni. Ekkert tilefni var til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.08.2022


Hulda Soffía Jónasdóttir